



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Brekkuborg

2025– 2026



Börnin og Vinatréð okkar sem við gróðursettum 16. Júní 2025

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
4	Innra mat deilda 2024-2025	8
5	Umbótaáætlun 2024-2025	11
6	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	17
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	17
8	Foreldrasamvinna	18
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
10	Fylgiskjöl	19





1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið fór vel af stað, aðlögun nýrra barna og ráðning nýs starfsfólks gekk vel og vorum við spennt fyrir skólaárinu. Við ákváðum að vera með vinaþema í vetur, það er svo sem ekkert nýtt en það er rauður þráður í starfinu að kenna börnunum um virðingu og vera góð hvert við annað. Við ákváðum að fara í vináttuna af meiri dýpt en áður og byrjuðum með því að mála á krukkur og æfðum Imagine með John Lennon bæði á ensku og íslensku og rýndum í hvað textinn þýddi. Í söngstund í sal kom hvert barn með sína krukku sem við röðuðum upp í hjarta og kveiktum á kertum í krukkunum og sungum Imagine á afmælisdaginn hans. Það var svo frábært að sjá hvað börnin tóku þessu alvarlega og hvað stundin var notaleg. Við vorum líka með vinastund á degi gegn einelti þar sem við héldumst í hendur og sungum vinalög. Við keyptum okkur Reyniviðarhríslu sem er Vinatré Brekkuborgar sem við gróðursettum öll saman við hliðina á forseta- og lýðveldistrjánum okkar á sumarhátinni 16. júní.

Við fengum foreldra til að taka þátt í vinaverkefni með okkur þar sem við bjuggum öll til vinakúlur sem við skreyttum hver með sínu nefi. Við gerðum svo lengju úr kúlunum sem náðu í góðan vinahring í salnum. Á sumarhátíðinni skrifuðu bæði foreldrar og börn á hjörtu hvað er vinátta og erum við að vinna úr því hvað þeim finnst vera góð vinátta og setjum síðan upp öllum til sýnis.

Við starfsmenn gerðum með okkur samskiptasamning sem við erum búin að vera að vinna að jafnt og þétt í heilt ár. Við tókum hann formlega í notkun á sama tíma og kveikt var á friðarsúlunni. Við vinnum núna eftir honum og pössum upp á okkar einkunnarorð sem eru vinátta, virðing og lýðræði. Sáttmálinn okkar er frammi í fataklefa barnanna ásamt myndum af starfsmönnum Brekkuborgar.

Við erum svo ótrúlega þakklát fyrir hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar sem við fengum afhent við hátíðlega athöfn í sal í febrúar fyrir Krummaþemað okkar sem við vorum með síðasta vor og sumar. Að fá svona frábær verðlaun er eins og að stoppa á hraðhleðslustöð og fá ábót á bílinn á skömmum tíma sem kemur okkur langt. Við erum mjög stolt af verkefninu okkar og að hafa verið svo heppinn að fá krummana Hrafinkel og Hrafnfinnu til okkar. Þau heiðruðu okkur ekki með nærveru sinni þetta árið en hafa verið að koma á þökin hér í kring og krunkað aðeins til okkar.

Nýir samningar voru undirritaðir í vetur og vorum við orðin ansi stressuð yfir gangi mála. Bindum við vonir um að mönnun leikskóla og útskrift kennara taki nú kipp því að vinna í leikskóla er svo ótrúlega skemmtilegt og gefandi vinna. Mikilvægi þess að hafa góða kennara í leikskólum er ekki hægt að meta til fjár.





Eftir áramót komu til okkar þrír leikskólakennaranemar sem voru hjá okkur í starfsnámi í nokkrar vikur. Það er alltaf áhugavert og gefandi að fá nýja sýn frá nýju fólki á starfið okkar. Fengum við hin bestu meðmæli frá þeim eftir starfsnámið.

Börnin í Brekkuborg eru mjög vinsælt sjónvarpsefni en þau komu í sjónvarpinu bæði á Hrekkjavökunni og svo fyrir Eurovision. Það er mjög skemmtilegt að sjá fallegu börnin okkar í sjónvarpi allra landsmanna og heyra hvað þau hafa að segja.

Skráningardagar eru nýung í starfsemi hjá okkur sem Reykjavíkurborg er að innleiða. Foreldrar þurfa nú að skrá börnin í viðveru á milli jóla- og nýárs, í páska- og vetrarfríum.

Við erum svo ótrúlega þakklát foreldrum fyrir að taka þátt í foreldrakönnun Reykjavíkurborgar þar sem við fengum mjög góða niðurstöðu. Í ljós kom að upplýsingaflæði frá okkur til foreldra er það sem fær slökustu niðurstöðuna. Munum við vinna í samvinnu með foreldrum um hvernig má bæta flæðið.

Við vinnum nú hörðum höndum að uppfæra og bæta námskrá Brekkuborgar og sendum við hana til yfirlestrar fyrir sumarfrí. Við gerum ráð fyrir að taka hana í notkun á haustmánuðum. Við erum einnig að uppfæra fyrstu viðtöl við foreldra og erum við byrjuð að vinna eftir þeim. Við erum þó ekki alveg búin að fullmóta þau og vonum við að því verði lokið fyrir næsta vor.

Vinátta, virðing og lýðræði eru okkar leiðarljós og sjáum við það í samskiptum barnanna, í hversu góð og hjálpleg þau eru við hvert annað.

Ég er full þakklætis eftir frábæran vetur þar sem ég fæ að njóta dagsins með öllum þessum frábæru börnum, úrræðagóða og skemmtilega samstarfsfólki og öðrum starfsmönnum Reykjavíkurborgar sem hafa aðstoðað okkur í vetur og ekki síst foreldrunum okkar sem eru alltaf svo tilbúin í að taka þátt í öllu sem við erum að gera og gefa okkur góðar og skemmtilegar hugmyndir.

Kristín Auður Harðardóttir,
aðstoðarleikskólastjóri





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Þemavikur og daglegt starf
Hvernig fór matið fram?	Á starfsdögum, deildarfundum og morgunfundum. Börnin tóku þátt í samverustundum og almennu spjalli við kennara.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn og börn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þemavikur gengu almennt vel, ákveðið var að halda litadögum eins og þeir voru settir upp í vetur. Höldum áfram okkar hefðum.

Ytra mat

Hvað var metið?	Foreldrakönnun frá SFS
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við komum mjög vel út í könnunninni. Við vorum að mestu á pari við hæstu einkunn meðal aðra skóla Reykjavíkur. Við höfum tækifæri í vetur að bæta upplýsingaflæði sem við munum vinna að með aðstoð foreldra





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna .

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Upplýsingaflæði til foreldra
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að allir foreldrar fái vikulegan póst frá deildarstjórum um starfssemi deildarinnar og hvað sé framundan. Að allir foreldrar viti um Völuappið og hvaða upplýsingar sé hægt að leita sér þar. Vinna úr upplýsingum frá foreldrakönnun Brekkuborgar. Markmið sett úr niðurstöðu foreldrakönnunnar að hausti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Rafræn könnun í haust til foreldra, hvaða upplýsingar þau vilji fá og í hvaða formi.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 til febrúar 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Könnun til foreldra um upplýsingaflæði október 2025 og á deildarstjórafundum. Fundur með foreldraráði í október 2025 og í febrúar 2026.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Unnið með þau markmið sem að komu úr foreldrakönnun í október 2025. Viðmiðin munu stjórna af niðurstöðu könnunar.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Fataklefi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að börnin fari í minni hópum í fataklefa, að það fari ekki allir út á sama tíma. Með því skapast streituminna og betra umhverfi til sjálfshjálpar, málörvunar og fínhyfninga.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hver deild fer með færri börn í einu í fataklefa. Að börnin fari ekki öll á sama tíma í fataklefa. Að eldri deildir skipti börnunum í tvennt, annar hópur inni á meðan hinn fer út.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 til júní 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mánaðarlega á deildarstjórafundum. Rýnihópur elstu barna að hausti og að vori.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Notalegt og rólegt umhverfi í fataklefa þar sem börnin hafi meira svigrúm til sjálfshjálpar.





4 Innra mat deildar/deilda 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs).

4.1 Brekkulind og Brekkulyng

Styrkleikar

- Við náðum ekki öllum settum markmiðum
- En heilt yfir var unnið mjög gott starf, m.a. málörvun, listsköpun, grófhreyfingar, sjálfshjálp og sjálfstyrking.
- Mikil og góð samvinna er ávallt á milli þessara tveggja deilda
- Samvinnan stuðlar að öryggi barnanna og þau geta leitað til allra starfsmanna. Þau eignast félagi á milli deilda sem auðveldar þeim flutning á milli deilda.

Tækifæri

Vinna með vináttu, virðingu, víðsýni og umburðarlyndi

- Teljum við að þetta muni bæta leik barnanna
- Hjálpar börnum að eiga góð samskipti.
- Vinatengsl barna muni eflast
- Breytt umhverfi leikskólans felast í fjölmenningu bæði barna og fullorðinna, í því felast áskoranir en jafnframt tækifæri.
- Tækifæri til að þróa umhverfi sem styrkir, eykur traust og öryggi barnanna.



4.2 Brekkulundur

Styrkleikar

- Við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur
- Starfsmenn deildarinnar voru duglegir að ýta undir áhuga barnanna með virkri hlustun t.d í vali á hvaða lag þau völdu til að flytja fyrir börnin í leikskólanum í söngstundum
- Til að ná betur um hópinn settum við upp „val“. Þar fengu börnin að velja sér viðfangsefni. Þetta myndaði meira jafnvægi og ró í leik barnanna.
- Þegar við þurftum að setja upp reglur fyrir deildina þá voru börnin höfð með í ráðum og virkaði það vel og í flestum tilfellum voru þau fljót að aðlagast reglunum
- Börnin sýndu þemaverkefninu mikinn áhuga. Fyrir valinu var að kanna sjávardýr. Verkefnið bauð uppá mikla sköpun og íhugun. Urðu börnin margs vísari um lífríki sjávarins
- Buðum uppá hannyrðastöð þar sem í boði var að vefa, sauma, gera dúska o.m.fl. Börnin efdust í fínhyfingu, einbeitingu og lærðu nýja færni.

Tækifæri

Vinna með vináttu, virðingu, víðsýni og umburðarlyndi

- Teljum við að þetta muni bæta leik barnanna
 - Samskipti munu batna
 - Vinatengsl muni eflast
- Börnin muna læra á sínar eigin tilfinningar
 - Bæti sjálfsöryggi

4.3 Innra mat Brekkulaut 2024-2025

Starfsemi Brekkulautar hefur gengið vel á yfirstandandi starfsári þrátt fyrir ýmsar áskoranir, sérstaklega tengdar starfsmannamálum sem hafa kallað á mikinn sveigjanleika af hálfu starfsfólks.

Styrkleikar

- **Vel heppnaðar verkefnastundir:** Verkefnastundir hafa verið haldnar einu sinni í viku og þær stóðust fyllilega væntingar. Líkt og fyrri ár fundum við fyrir miklum áhuga og framförum hjá börnum eftir því sem leið á árið. Skráningar á sérstök blöð sýndu **mikla aukningu í stafabekkingu** milli hausts og vors. Það er sérstaklega ánægjulegt að öll börn úr skólahópnum gátu skrifað nafn sitt eða gælunafn fyrir útskrift.
- **Öflugt Lubba-starf:** Lubba-stundir hafa haldist með miklum krafti á þessu ári með fullt af nýjum og skemmtilegum verkefnum tengdum Lubba-hljóðunum í hverri viku. Það er mikill styrkur í því að hafa **starfsmann sem er í B.A. námi í íslensku við Háskóla Íslands** til að leiða þetta mikilvæga starf. Þetta hefur verið frábær viðbót við námsframboðið okkar og mun halda áfram að styrkja málþroska barna.

Tækifæri

- **Bætt skipulag hreyfistunda:** Hreyfistundir hafa orðið fyrir áhrifum starfsmannamála, þar sem nýir starfsmenn hafa ekki alltaf verið meðvitaðir um og nýtt til fulls skráningarblöðin sem ætluð voru til að skipuleggja þær. Hér liggur tækifæri til að bæta innleiðingu nýrra starfsmanna og **tryggja samræmdari framkvæmd hreyfistunda.**
- **Virkja barnaráðsdaga:** Barnaráðsdagar sem nefndir voru í starfsáætlun hafa því miður fallið niður vegna veikinda deildarstjórans. Þetta skapar tækifæri til að endurskipuleggja og tryggja framkvæmd barnaráðsdaga í framtíðinni til að **virkja**



Umbótaáætlun deilda 2025-2026. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum barna hópi, börnum með stuðning, og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

5 Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótapátt)

5.1

Deild/aldur barna Brekkulind og Brekkulyng 2022, 2023, og 2024	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsstyrking
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin þori að koma fram og tjá sig.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Samverustund 1x í viku þar sem eitt barn stendur fyrir framan hópinn og syngur eða segir frá. Við grípum tækifærin þegar þau gefast. Síðan flytja þau saman atriði 1x í mánuði í sal skólans fyrir hinar deildirnar.
Ábyrgð	Allir deildarstarfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2025 mun þetta verða rauður þráður í gegnum allt okkar starf í framtíðinni.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á vorin í lok skólaárs, umræður á deildafundum yfir veturinn og hvort börnin hafi styrkst í að koma fram fyrir framan aðra.





Deild/aldur barna Brekkulind og Brekkulyng 2022,2023 og 2024	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka orðaforða, skilning og tjáningu á íslensku
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setjum orð á allt. Notum málörvunraefnið Lubbi finnur málbeinið. Börnin eru í litlum hópum í sögustundum, einnig eru Lubbastundir 1x í viku. Leggjum inn máhljóð vikunnar. Notum bókina Orð eru ævintýri.
Ábyrgð	Allir deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	október 2025 til júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Símat yfir allan veturinn. Matsaðferðir Tras, Efi, hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn.





Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Vinátta
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Styrkja samkennd og umburðarlyndi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í leik, samvinnuverkefni , sögur um tilfinningar og vináttu, Fá samvinnu með eldri börnum.
Ábyrgð	Allir deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í september 2025 til júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum, spyrja börnin hvað þeim finnst gaman að gera með vinum sínum og hvað gera vinir.





5.2

BrekkuLundur/3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Teiknifærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Þau geti teiknað skýra sjálfsmynd
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna í litlum hópum. Byrjum á því að tala um líkamann og helstu líkamshluta. Sjálfsmynd teiknuð að hausti og vori Fylgst með framförum.
Ábyrgð	Hópstjórar og deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2025 til júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	- Takmarkið er að börnin geti teiknað alla helstu líkamshluta og náí að tengja höfuð við bók með háls. Teikni bók með fætur og hendur. - Myndir hvers barns tekin fyrir á deildarfundum og í lok skólaárs metið hversu mikið hefur áunnist.





BrekkuLundur/3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka málþroska barnanna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lesi, spila, syngja og fara með þulur. Einnig er stefnt að því að börnin búi til málörvunarbók í appinu Book creator. Þar er þekkingafærni skráð niður. Einnig tekin upp hljóðamyndum barnsins og er það hluti af „bókinni“.
Ábyrgð	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 til April 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum að hausti og síðan vori þar sem hlustað er á hljóðamyndun barns.

BrekkuLundur/3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Þemaverkefni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna út frá áhugahvöt barnanna og þau séu meiri þátttakendur í starfinu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ætlum að leyfa börnunum að ráða í hvaða átt er farið með þemaverkefni leikskólans þennan vetur
Ábyrgð	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjað í september og metum á einhverjum tímapunkti hvort áhugi barnanna sé enn til staðar.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum, skráningar og verk barnanna





5.3

Brekculaut (börn fædd 2020/2021)	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Könnun á stöðu á gróf- og fínhyfingum
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnum er skipt í hópa í sal þar sem starfmaður er með þeim í hreyfistund.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stefnt er að hafa hreyfistund einu sinni í viku fyrir öll börn á deildinni.
Ábyrgð	Deildarstjóri ásamt starfsfólki á deild.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Könnun fer fram tvisvar á ári. September 2025 og Apríl 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Könnun á bæði gróf- og fínhyfingum fer fram með skráningu á sérútbúnum eyðublöðum tvisvar á skólaárinu.

Brekculaut (börn fædd 2020/2021)	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lýðræði barnanna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla sjálfstraust og auka lýðræði barnanna. Glaðari og sjálfsörugari börn
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Öll börnin verða valin einu sinni á skólaárinu í barnaráðshóp (4-5 í einu). Þau fara á fund og ráða hvað þau langar að gera á þeirra degi í frjálsum „leik“ tíma. t.d. fara að leika á leikvelli fyrir utan skólalóðina eða byggja tjald í stofunni.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 til Maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundargerð verður gerð á hverjum barnaráðsfundi. Í lok barnaráðsdags munum við hafa viðtal við börnin um þeirra upplifun.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.

Deildarstjórar hafa tekið starfsþróunarsamtöl við sína starfsmenn tvisvar yfir skólaárið og munu gera það einnig næsta skólaár.

Nýir starfsmenn fengu nokkur viðtöl á fyrstu mánuðum starfsins frá aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórum.

Aðstoðarleikskólastjóri tók viðtöl við starfsmenn á haustmánuðum.

- Á skipulagsdegi 1. september 2025 fáum við Regnbogafræðslu
- Á skipulagsdegi 2. október 2025, fáum við fræðslu um skyndihjálp.
- Deildarstjórar og sérkennslustjóri luku stjórnunarnámskeiði hjá SFS haustið 2024
- Trúnaðarmaður Eflingar fór á mánaðarleg trúnaðarmannanámskeið, haust og vor 2024-2025
- Sérkennslustjóri fór reglulega yfir allt starfsárið á fundi sérkennslustjóra og fundi tengiliða fjölmenningar.
- Aðstoðarleikskólastjóri fór á stjórnunarnámskeið hjá Endurmenntun HÍ í september 2024
- Starfsmaður í sértækri íhlutun fór á Tákn með tali námskeið hjá RGR í október 2024
- Starfsmaður í sértækri íhlutun fór á AEPS námskeið hjá RGR í nóvember 2024
- Deildarstjórar yngri deilda og sérkennslustjóri fóru á Brú á milli landa hjá Miðju máls og læsis í febrúar 2025.
- Starfsmaður í sértækri íhlutun fór á TRAS námskeið hjá Endurmenntun HÍ í mars og apríl 2024
- Starfsmaður í sértækri íhlutun fór á IPad í leikskólastarfi hjá Mixtúru í júní 2025
- Starfsmaður í sértækri íhlutun og þroskaþjálfari fóru á ADHD námskeið í júní 2025.
- Starfsmenn voru hvattir til að nýta sér fræðslu á Torginu og fengu tækifæri til að kynna sér ýmsa fræðslu þar.

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Gott samstarf hefur verið við Húsaskóla í gegnum árið og er samstarfið í nokkuð föstum skorðum, þó er alltaf verið að endurskoða það og bæta. Í ár bættist við samstarf við 7. bekk, þar sem þau komu einu sinni í viku á haust- og vorönn og gerðu ýmislegt skemmtilegt með elstu börnunum. Það var föndrað, farið í fótbolta og ýmisleg fræðsla fór þar fram. Börnin í 7. bekk voru búin að útbúa val fyrir leikskólabörnin sem fengu að velja hvað þau vildu gera eftir áhugasviði hvers og eins. Ekki er búið að gera áætlun fyrir komandi samstarfsár þar sem ákveðið var í samvinnu við skólann að gera áætlunina



ekki fyrr en stundaskrá 1. bekkinga verði komin í lok sumars. Það sem við höfum gert á undanförunum árum og munum eflaust halda áfram er:

-kennari og íþróttakennari verða í samráði við leikskólann og skipuleggja heimsóknir vetrarins

-börnin koma í spilastund með 1. bekkingum í Húsaskóla

-börnin fara í ratleik um Húsaskóla og hitta skólastjórann sem segir þeim frá skólanum og sýnir þeim hann

-börnin fara í íþróttatíma, heimsækja Kastalann og sitja í tímum og borða hádegismat

-7. bekkur kemur á degi íslenskrar tungu og les fyrir börnin og jafnvel oft

-7.bekkjarsamstarfið gekk mjög vel og reynum við að halda því áfram í vetur

-börnin sýna helgileikinn fyrir 1. bekk og foreldra sína í Húsaskóla og eiga góða jólastund saman

-skilafundur í Húsaskóla vegna tilvonandi grunnskólabarna

8 Foreldrasamvinna

Foreldrafundur var haldinn í september 2024, þar sem við fengum talmeinafræðing til að vera með fræðslu um málörvun leikskólabarna. Í ár munum við óska eftir að fá hegðunarráðgjafa með erindi á foreldrafundi í haust.

Boðið er upp á að lágmarki tvö foreldraviðtöl á ári. Á haustönn bjóðum við upp á símaviðtöl eða teams viðtöl ef foreldrar vilja en á vorönn eru viðtölin í leikskólanum. Foreldrar geta alltaf fengið viðtöl við deildarstjóra, sérkennslustjóra eða tengilið farsældar eftir þörfum.

Kaffidagar eru a.m.k. fjórum sinnum á ári og er þá aðstandendum boðið í leikskólann. Ömmu og afakaffi er á degi íslenskrar tungu 16.nóvember, Þorakaffi er á bóndadegi og Góukaffi er í Góu byrjun, föndurdagur foreldra er í lok nóvember og opið hús er síðan á vormánuðum.

Aðallega fer foreldrasamvinnan fram í daglegum samskiptum. Í Völuappinu eru upplýsingar um matseðil og viðburði á döfinni ásamt því að starfsmenn yngri deilda skrá svefn og matarlyst barnanna daglega. Deildarstjórar senda fréttakorn af deildarstarfinu vikulega í tölvupósti.

Foreldraráð er starfandi við skólann. Kosið er í foreldraráðið á foreldrafundum í september.

Fundur var haldinn í september 2024 við foreldraráð. Um samningadeilu kennara, stöðu starfsmannamála og hvernig haustið liti út. Í framhaldi skrifaði foreldraráðið í samvinnu við önnur foreldraráð í hverfinu yfirlýsingu um mikilvægi þess að vera með menntaða kennara, gott starfsfólk, holla fæðu, menntaða matráða og að matur sé framleiddur nálægt neytanda.





Foreldrafélagið Eik er starfandi við skólann. Foreldrafélagið er virkt í starfi skólans og kemur t.d. að skipulagi og fjármögnunar fyrir jólaballið, fjármögnun hádegisverðar í útskriftarferð elsta árgangsins, farið var í sveitaferð einn laugardag í maí og leigðu fyrir okkur tvo hoppukastala á þjóðhátíð Brekkuborgar sem var 14.júní síðastliðinn. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á foreldrafundum í september ár hvert.

9 Skipulagsdagar 2025-2026

1. Mánudagur 1. september 2025
2. Fimmtudagur 2. október 2025, sameiginlegur í Grafarvogi
3. Föstudagur 28. nóvember 2025, sameiginlegur í Grafarvogi
4. Föstudagur 6. febrúar 2026, sameiginlegur í Grafarvogi
5. Föstudagur 27. mars 2026
6. Mánudagur 18. maí 2026

10 Fylgiskjöl

10.1 Leikskóladagatal

10.2 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Brekkuborgar

Kristín Auður Harðardóttir 4.7.202
Aðstoðarleikskólastjóri Dagsetning









Umsögn foreldraráðs vegna ársáætlunar leikskólans Brekkuborg fyrir starfsárið 2025-2026

Foreldraráð Brekkuborgar lýsir ánægju sinni með það faglega og hlýlega starf sem unnið er á leikskólanum. Kjarnagildi leikskólans – vinátta, virðing og lýðræði – eru greinilega til staðar í daglegu starfi með börnunum og endurspeglast í fjölbreyttum verkefnum sem styrkja tilfinningagreind, samkennd og samfélagslega þátttöku.

Verkefni á borð við vinakrukkurnar, hjartastundina með *Imagine*, vinatréð og vinakúlurnar eru sérstaklega eftirtektarverð. Þau sýna hvernig leikskólinn virkjar börn, foreldra og starfsfólk til að taka sameiginlega þátt í þroskandi og dýrmætum verkefnum sem byggja upp jákvætt og fræðandi umhverfi.

Ráðið fagnar jafnframt vinnu við uppfærslu námskrár, þróun fyrstu viðtala og áherslu á símenntun starfsfólks. Einnig er það ánægjulegt að sjá skref til að bæta upplýsingaflæði til foreldra, sem er lykilatriði í traustu og árangursríku samstarfi heimilis og leikskóla. Við hlökkum til að taka þátt í þeirri þróun.

Foreldraráð vill einnig hrósa starfsfólki fyrir sýnilegan metnað í þróun skólastarfs, hvort sem er í gegnum vinaverkefni, Krummapema eða þátttöku í menningarviðburðum. Leikskólinn hefur að geyma samhentan og hugmyndaríkan hóp sem skapar öflugt og hlýlegt umhverfi fyrir börnin. Þá er vert að koma á framfæri ánægju foreldraráðs með þá staðreynd að menntaður matreiðslumaður eldar mat á staðnum ofan í börnin daglega.

Það var jákvætt að sjá að fram hafði farið innra mat innan deilda og að greind hafi verið bæði styrkleikar og umbótatækifæri. Foreldraráðið fagnar árangri deildanna við að ná sínum markmiðum og vonar að þau umbótatækifæri sem komu í ljós, s.s. betra skipulag hreyfistunda, verði nýtt til fulls á komandi ári.

Áhersluatriði foreldraráðs

1. Leikskólastarf og faglegar áherslur

Foreldraráðið styður heilshugar við kjarnagildin vináttu, virðingu og lýðræði. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá hvernig þessum gildum er miðlað í gegnum skapandi og innihaldsrík verkefni sem virkja börnin til þátttöku og umhugsunar.

2. Starfsþróun og faglegt utanumhald

Það er greinilegt að starfsþróun er í hávegum höfð á leikskólanum. Fjöldi námskeiða, fræðslufunda og formlegra starfsþróunarsamtala sýnir faglegt og öflugt utanumhald, sem eykur gæði starfsins og styður við starfsfólkið í þeirra mikilvægu hlutverki.

3. Samstarf við grunnskóla og frístund

Foreldraráðið fagnar góðu samstarfi við Húsaskóla og þeirri markvissu tengingu sem verið er að byggja upp á milli skólastiga. Sérstaklega viljum við hrósa 7. bekkjar samstarfinu sem skapar tækifæri fyrir eldri börn að axla ábyrgð og veita yngri börnum fyrirmyndir. Slík verkefni stuðla að samfelli í námi og auðvelda börnum yfirfærslu í grunnskóla. Það er jafnframt jákvætt að samstarfið sé sífellt endurskoðað og aðlagð að breyttum aðstæðum.

4. Foreldrasamvinna og upplýsingaflæði

Foreldraráðið metur mikils þá áherslu sem leikskólinn leggur á foreldrasamvinnu og fjölbreytta þátttöku foreldraverkefna yfir árið. Kaffidagar, föndurstundir, opið hús og fræðsluviðburðir skapa vettvang fyrir samskipti og traust. Fréttakorn, daglegar skráningar í Völuappinu og regluleg viðtöl eru mikilvægir þættir í því að halda uppi góðu upplýsingaflæði.

5. Hvatning og viðurkenning

Það er gleðiefni að leikskólinn hlaut hvatningarverðlaun fyrir Krummapemað. Slík viðurkenning er vitnisburður um skapandi og hugmyndaríkt starf, sem nær til barnanna á þeirra forsendum og hvetur starfsfólk áfram. Við hvetjum einnig foreldra til að styðja og efla áfram slíkt starf.

6. Áskoranir og framtíðarsýn

Foreldraráðið tekur undir mikilvægi þess að styrkja mönnun með faglærðu starfsfólki og menntun leikskólakennara. Við leggjum áherslu á að búa þurfi til starfsskilyrði sem laða að og halda í hæft fólk. Við vonumst til að nýir samningar og aukin útskrift faglærðra skili jákvæðum árangri fyrir skólastarfið.

Viðbótarathugasemdir foreldraráðs

Foreldraráðið vill jafnframt vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

- Mikilvægt er að tryggja að lögð sé áhersla á að fá menntaða leikskólakennara til vinnu.
- Nauðsynlegt er að hafa menntaða matráða í leikskólum sem elda matinn á staðnum, í þágu næringar og gæða meðvitaðrar matarmenningar.
- Foreldraráðið hvetur til að spjaldtölvunotkun í leikskólastarfi haldist í algjöru lágmarki og verði aðeins nýtt með skýrri faglegri sýn og í afmörkuðum tilgangi.

Undir *málörvun* fyrir *Brekkulund (3–4 ára)* kemur fram að nýta eigi forritið *Book Creator* í því skyni. Skólastjórnendur upplýstu að það hafi ekki verið notað síðastliðið ár, en stefnt sé að notkun þess á næsta skólaári. Foreldraráðið ræddi á fundi bæði kosti og galla spjaldtölvunotkunar og kom skýrt fram að öll notkun þurfi að vera í litlum mæli, með

skýrri markmiðasetningu og alltaf undir virku eftirliti og stýringu starfsfólks.

Einn meðlimur ráðsins benti á skýrslu frá Karolinska háskólanum í Svíþjóð frá árinu 2023 sem varar við neikvæðum áhrifum stafræns umhverfis á þroska barna, sérstaklega á leikskólaaldri. Í ljósi þessa telur ráðið mikilvægt að notkun spjaldtölva í námi sé eingöngu þegar hún þjónar skýrum, faglegum tilgangi og alls ekki í daglegu starfi.

Það er jafnframt skýr ósk foreldraráðsins að spjaldtölvunotkun verði mjög takmörkuð í starfi leikskólans.

Foreldraráðið kunni vel að meta þann samstarfsvilja sem starfsfólk leikskólans sýnir og hlakkar til að fylgjast með framvindu næsta skólaárs í góðu og traustu samstarfi.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Jóhanna Gísladóttir formaður foreldraráðs

Anna Laufey Stefánsdóttir ritari foreldraráðs

Þórdís Adda Haraldsdóttir

Kristján Gísli Stefánsson

3. júlí 2025

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Brekkuborg

AGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ		
1	F		1	M	Skipulagsdagur lokað	1	M		1	L		1	M	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	S		1	S		1	M	Skráningardagar Brekkuborg afmæli	1	F	Verkalýðsdagurinn	1	M		1	M	
2	L		2	Þ		2	F	Skipulagsdagur lokað	2	S		2	Þ		2	F		2	M	Tannverndarvika	2	M		2	F	Skírdagur	2	L		2	Þ		2	F	
3	S		3	M		3	F		3	M	Vínáttuvika	3	M		3	L		3	Þ		3	Þ		3	F	Föstudagurinn langi	3	S		3	M		3	F	
4	M	Friðdagur verslunarmarkaðs	4	F		4	L		4	Þ		4	F		4	S		4	M		4	M		4	L		4	M		4	F		4	L	
5	Þ	Leikskólinn opnar	5	F		5	S		5	M		5	F		5	M		5	F		5	F		5	S	Páskadagur	5	Þ		5	F		5	S	
6	M		6	L		6	M	Foreldravíðtöl hefjast	6	F		6	L		6	Þ	Þrettándinn	6	F	Skipulagsdagur lokað, dagur leikskólans	6	F		6	M	Annar í Páskum	6	M		6	L		6	M	
7	F		7	S		7	Þ		7	F	Bangsadagur	7	S	2. í aðventu	7	M	Vaarljósdagur	7	L	Dagur tónlistarskólans	7	L		7	Þ	Vorþema byrjar	7	F		7	S	Sjómannadagurinn	7	Þ	
8	F		8	M	Dagur læsis	8	M		8	L	Baráttudagur gegn einelti	8	M	Rauð litavika	8	F		8	S		8	S		8	M		8	F		8	M		8	M	
9	L		9	Þ		9	F		9	S	Feðradagurinn	9	Þ		9	F		9	M		9	M	Foreldravíðtöl byrja	9	F		9	L		9	Þ		9	F	
10	S		10	M		10	F		10	M		10	M		10	L		10	Þ	Íþróttadagur inni Dagur íslenska táknaðsins	10	Þ		#	F		10	S	Mæðradagurinn	10	M	Skólaslit grunnskóla	10	F	
11	M		11	F		11	L	Forseti afmæli HT	11	Þ		11	F		11	S		11	M		11	M		#	L		11	M		11	F		11	L	
12	Þ		12	F		12	S		12	M		12	F	Rauður litadagur, Stekkjastaur	12	M	Umferðavika	12	F		12	F		#	S		12	Þ		12	F		12	S	
13	M		13	L		13	M		13	F		13	L	Giljagaur	13	Þ		13	F		13	F		#	M	Blá litavika	13	M		13	L		13	M	
14	F		14	S		14	Þ		14	F	Ómmu- og afakaffi kl.14.30-16	14	S	3. í aðventu, Stúfur	14	M		14	L		14	L	Dagur stærðfræðinnar	#	Þ		14	F	Uppstigningardagur	14	S		14	Þ	
15	F		15	M	Umhverfisvika Haustiitavika	15	M		15	L		15	M	Þvörusleikir	15	F		15	S		15	S		#	M		15	F		15	M		15	M	
16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	S	Dagur íslenskrar tungu	16	Þ	Pottakefill	16	F		16	M	Bolludagur	16	M		#	F		16	L		16	Þ	Þjóðhátíð BB og opið hús	16	F	
17	S		17	M		17	F		17	M		17	M	Askasleikir Jólabball	17	L		17	Þ	Sprengidagur	17	Þ		#	F	Blár litadagur	17	S		17	M	Lýðveldisdagurinn	17	F	
18	M		18	F		18	L		18	Þ		18	F	Hurðaskellir	18	S		18	M	Öskudagur	18	M		#	L		18	M	Skipulagsdagur lokað	18	F		18	L	
19	Þ		19	F	Haustiitadagur	19	S		19	M		19	F	Skyrjarmur	19	M	Sauðalitavika	19	M	Skráningardagar	19	F		#	S		19	Þ		19	F		19	S	
20	M		20	L		20	M	Bléik litavika	20	F	Dagur mannréttinda	20	L	Bjúgnakrækir	20	Þ		20	F	Skráningardagar	20	F		#	M		20	M		20	L		20	M	
21	F		21	S		21	Þ		21	F	Foreldravíðtöl lokið	21	S	4. í aðventu, Gluggagægir, Vetrarsólstöður	21	M		21	L		21	L		#	Þ		21	F	Foreldravíðtöl enda	21	S		21	Þ	
22	F	skólaasetning grunnskóla	22	M		22	M		22	L		22	M	Gáttaþefur	22	F		22	S	Konudagur	22	S		#	M		22	F	Umhverfisdagur	22	M		22	M	
23	L		23	Þ	Foreldrafundur kl.17	23	F	Bléikur litadagur	23	S		23	Þ	Þorláksmessa, Ketkrókur	23	F	Bóndadagur, bóndadags-morgunmatur kl.8.10	23	M	Konudagskaffi kl.14.30-16	23	M		#	F	Sumardagurinn fyrsti	23	L		23	Þ		23	F	
24	S		24	M		24	F	Skráningardagar	24	M		24	M	Aðfangadagur jóla, K	24	L		24	Þ		24	Þ		#	F		24	S	Hvítasunnudagur	24	M		24	F	
25	M	Haustþema hefst	25	F		25	L	Fyrsti vetrardagur	25	Þ		25	F	Jóladagur	25	S		25	M		25	M		#	L		25	M	Annar í Hvítasunnu	25	F		25	L	
26	Þ		26	F	Evrópski tungumálad.	26	S		26	M	Vasaljósdagur	26	F	Annar í jólum	26	M		26	F		26	F	Gulur litadagur	#	S		26	Þ	Græn- og fjóluþlá litavika	26	F	Uppáhaldsliitadagurinn	26	S	
27	M		27	L		27	M	Skráningardagur	27	F	Föndurdagur með foreldrum kl. 14.30-16.00	27	L		27	Þ		27	F		27	F	Skipulagsdagur lokað	#	M		27	M		27	L		27	M	
28	F		28	S		28	Þ	Skráningardagur	28	F	Skipulagsdagur lokað	28	S		28	M		28	L		28	L		#	Þ		28	F		28	S		28	Þ	
29	F		29	M	Umferðavika	29	M		29	L		29	M	Skráningardagur	29	F					29	S	Pálmásunnudagur	#	M		29	F	Grænn og fjóluþlá litadagur	29	M		29	M	
30	L		30	Þ		30	F		30	S	1. í aðventu	30	Þ	Skráningardagur	30	F					30	M	Skráningardagar	#	F		30	L		30	Þ		30	F	
31	S					31	F	Hrekkjavaka				31	M	Gamlársdagur	31	L					31	Þ	Skráningardagar				31	S					31	F	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að hofuð samráði við starfsmenn og foreldrar að viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfelld í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasíðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórændur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.